

Alþingi
Erindi nr. 138/423²³
komudagur 3.12.2009

KJARARÁÐ

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2009

Umsögn kjararáðs um frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 47/2006 um kjararáð, með síðari breytingum, (195. mál)

Kjararáð hefur fjallað um frumvarpið og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:
Í upphafi skal tekið fram að kjararáð tekur ekki afstöðu til tilgangans með frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu verður óheimilt að endurskoða úrskurði kjararáðs sem kveðnir voru upp á árinu 2009 til hækkunar. Að mati kjararáð er orðalagið of afdráttarlaust, þ.e.a.s. að þetta gildi fortakslaust um alla aðra en ráðherra og alþingismenn. Upp kunna að koma tilvik þar sem nauðsynlegt kann að reynast að leiðrétta fyrri úrskurði eða breyta þeim vegna breyttra aðstæðna, breytinga á stofnunum, breytts skipulags og þess háttar. Nauðsynlegt er að kjararáð hafi svigrúm til þess að bregðast við slíkum aðstæðum, enda er ekki með því raskað tilgangi frumvarpsins að neinu leyti. Löggjafinn gætti þess sérstaklega að binda ekki hendur kjararáðs að þessu leyti við lögfestingu ákvæðis til bráðabirgða II á sínum tíma, sbr. uppbyggingu og orðalag ákvæðisins, svo og athugasemdir sem fylgdu frumvarpinu sem varð að ákvæði til bráðabirgða II í lögunum.

Óþarft er að taka fram að fyrri málsgrein frumvarpsins gildi ekki um forseta Íslands, enda segir skýrt í 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar að ekki megi lækka greiðslur af ríkisfé til forseta á kjörtímabili hans. Auk þess hefur kjararáð ekki úrskurðað um laun hans á árinu 2009.


Kjararáð leggur því til eftirfarandi breytingar á 1. gr. frumvarpsins:

Fyrri málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: „Til ársloka 2010 er óheimilt að endurskoða úrskurði kjararáðs, sem kveðnir voru upp á grundvelli 1. málsliðar 1. mgr. ákvæðis þessa á árinu 2009, til hækkunar.“

Síðari málsliður fyrri málsgreinar falli brott.

Við síðari málsgrein bætist nýr málsliður, svohljóðandi: „Hið sama gildir um frekari endurskoðun á launum annarra, sem undir ráðið heyrar.“

f. h. kjararáðs,


Guðrún Zoëga, formaður